

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2020, mánudaginn 6. apríl, var haldinn 36. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn var haldinn í Sólrúnarbúð og hófst kl. 14.10. Fundinn sat: Heiða Björg Hilmisdóttir. Eftirtaldir tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir, Diljá Zoëga Ámundadóttir, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, Sigprúður Guðmundsdóttir, I. Jenný Ingudóttir, Björg Guðrún Gísladóttir. Fundinn sátu einnig Anna Kristinsdóttir, Hulda Elsa Björgvinsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Lögð fram til kynningar afgreiðsla borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélaga varðandi m.a. notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða, ásamt fylgiskjöllum.
2. Lögð fram til kynningar tillaga frá fulltrúum Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði um áfangaheimili fyrir konur.
3. Fram fer kynning á Saman gegn ofbeldi, stöðu mála.

Ofbeldisvarnarnefnd leggur fram svohljóðandi bókun:

Ofbeldisvarnarnefnd hefur áhyggjur af því að heimilisofbeldi aukist á þessum óvissutímum og að það gæti orðið alvarlega. Vísbendingar eru um að erfiðara sé fyrir konur að komast út úr aðstæðum þar sem hvers konar ofbeldi er beitt nú þegar fólki er ráðlagt að vera heima hjá sér öllum stundum. Það hefur verið aukning í heimilisofbeldismálum frá áramótum og vel verður fylgst með þróun þess á næstu vikum. Auglýsingar og fræðsluefni hefur verið útbúið hjá Reykjavíkurborg, Kvennaathvarfi, landlækni og lögreglu og því verður dreift sem víðast. Ofbeldisvarnarnefnd vil undirstrika að aukið aðgengi að áfengi er ekki ráðlegt skref þar sem það mun að líkum leiða til aukinnar tíðni ofbeldis. Einnig hefur nefndin sérstakar áhyggjur af börnum sem búa við erfiðar og óásættanlegar aðstæður vegna takmörkunar á skólasókn um þessar mundir. Ekki síst börnum með fatlanir og fjölskyldum þeirra, þar getur mætt mikið á foreldrum sem eykur álag á alla. Alla jafna eru helstu tilkynnendur um ofbeldi gagnvart börnum starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundar. Þess þá heldur viljum við hvetja alla að vera vakandi og tilkynna og ef okkur grunar að einhver sé þolandi ofbeldis og jafnframt ef einhver er mögulega gerandi ofbeldis.

4. Fram fer kynning á stöðunni Kvennaathvarfið á tímum COVID-19 og reynslan frá öðrum löndum.
5. Fram fer kynning á starfi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við ofbeldi á tímum COVID-19.
6. Fram fer kynning á barnavernd á tímum COVID-19. Hákon Sigursteinsson tekur sæti undir þessum lið í gegnum fjarfundarbúnað.
7. Fram fer kynning á áherslum Landlæknis í tengslum við ofbeldi á tímum COVID-19.

Fundi slitið kl. 16:08

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
I. Jenný Ingudóttir

Diljá Zoëga Ámundadóttir
Sigprúður Guðmundsdóttir
Björg Guðrún Gísladóttir